

## Fundargerð

10. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum 2. nóvember 2021 klukkan 10:30 í húsnæði Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12.

### Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Arnór Snæbjörnsson (AS), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) og Lilja Magnúsdóttir (LM). Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) og Eggert Ólafsson (EÓ) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) sem ritaði fundargerð.

Stefán Gunnar Thors (SGT), Íris Anna Karlsdóttir (ÍAK) og Bryndís Skúladóttir (BS) frá VSÓ ráðgjöf tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

ESG vék af fundi í 14:50.

### Dagskrá fundar:

*Samþykkt var að víkja frá útsendri dagskrá, þannig að dagkrárliður 1 verði númer 3.*

#### 1. Uppbygging og efnistöð stefnuskjals

Svæðisráð fékk þann 26. október sl. send drög að stefnuskjali; *Strandsvæðaskipulag Vestfjarða 2022. Vinnslutillaga nr. 1 til umfjöllunar í svæðisráði.*

SGT fór yfir almenna uppbyggingu stefnuskjalsins og þær fyrirmyndir sem horft var til við mótun þess. Stefnuskjalið er í vinnslu og SGT vakti athygli á þeim grunni sem leiðarljós skipulagsins standa á. Í drögum að stefnuskjali koma fram helstu áherslur um stefnu og markmið fyrir hvert viðfangsefni skipulagsins, auk þeirra forsendna sem byggt er á. Lögð er áhersla á samspil leiðarljósa, markmiða og skipulagsskilmála fyrir afmörkuð svæði á uppdrætti. Í lok stefnuskjalsins er kafli með upplýsingum um starfsemi sem háð er leyfum og áherslur skipulagsins varðandi leyfisveitingar.

Í kjölfar kynningar SGT fór fram umræða um stefnuskjalið. Almenn ánæga var með uppsetningu skjalsins. Nefnt var sérstaklega að það væri auðskilið og að hjálplegt væri að hafa sérstakan kafla um leyfisveitingar og ferlin við þau. Nokkur umræða varð um almenn skil milli stefnu og markmiða, m.a. að skoða ætti hvort hluti af markmiðstexta ætti betur heima í þeim kafla sem geymir meginstefnu í stað kafla fyrir einstaka nýtingarflokka.

### Hádegishlé

#### 2. Drög að skipulagsskilmálum og skipulagsuppdrætti

Svæðisráð fékk þann 26. október sl. send drög að uppdráttum fyrir Strandsvæðaskipulag Vestfjarða 2022 ásamt skipulagsskilmálum sem eru hluti af stefnuskjali.

EAÁ sagði frá því að drög að breytingu á reglugerð þar sem gerð er grein fyrir nýtingarflokkum hefði verið í kynningu í Samráðsgátt stjórnvalda líkt og svæðisráð hefði fengið upplýsingar um. EAÁ kynnti síðan drög að skilmálum fyrir hvern nýtingaflokk. Farið var yfir dæmi um skilmála nokkurra mismunandi svæða á skipulagsuppdrætti.

Í umræðum um skipulagsskilmála fyrir flokkinn *Umhverfi og náttúra* var rætt um hvernig afmarka eigi svæði þar sem ekki liggur fyrir afmörkun á grunni verndar eða tillagna um vernd innan skipulagssvæðisins, en þar sem vernd á aðliggjandi landi og nýting svæðis gefur tilefni til afmörkunar fyrir þennan nýtingarflokk.

Í umræðum um *Siglingar* var greint frá því að unnið sé að nánari afmörkun í samstarfi við Landhelgisgæsluna og Vegagerðina. Upplýst var um áform um uppbyggingu hafnar við Langeyri í Álftafirði og rætt um afmörkun svæðis vegna siglingar til hafnar.

Í flokknum *Almenn nýting* var rætt um skilgreiningar varðandi heimildir fyrir staðbundna nýtingu og að þær heimildir þurfi að taka mið að aðstæðum á hverjum stað.

### **3. Drög að umhverfismati valkosta**

BS kynnti drög að umhverfismati valkosta sem er í vinnslu. Við mat á valkostum fyrir hvert svæði er notast við viðmið sem sett eru fram í lýsingu.

Almenn ánægja var með nálgunina í umhverfismatinu, en fram kom að mikilvægt væri að huga vel að orðalagsnotkun við frekari vinnslu og að leggja þurfi áherslu á að að matið verði meira atviksbundið en almennt.

### **4. Önnur mál**

Fjallað var um næstu skref vinnunnar. Miðað er við að halda fund með samráðshópi fljótlega eftir áramót. Ákveðið að halda áfram yfirferð um stefnuskið og stefna að fundi þann 7. desember annað hvort á Hólmavík eða á netinu.

Ákveðið var að fundargerð verði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fundið slitið kl. 16:10